

Mánudaginn 29 mars 1993.

Nr. 129/1993. **Rúnar Þröstur Árnason**

gegn

Sigurjóni Sigurðssyni,

Jóni Lárusi Sigurðssyni og

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. febrúar 1993. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnis meðferðar og dómsálagningar. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir meðferð þessa þáttar málsins fyrir héraðsdómi og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilans Sigurjóns Sigurðssonar.

Varnaraðilinn Sigurjón Sigurðsson krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti. Jafnframt krefst hann þess, að kveðið verði á um greiðslu virðisaukaskatts af málskostnaði í héraði.

Frá öðrum varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir.

Í máli þessu krefur sóknaraðili um skaðabætur vegna líkamstjóns, en hann telur varnaraðila bótaskylda vegna tjónsins. Hefur hann sundurliðað kröfugerð sína m.a. í bætur vegna tímabundinnar örorku og varanlegrar. Kröfugerð sóknaraðila er nægilega skýr sem grundvöllur fyrir meðferð málsins fyrir dómi. Fer það nokkuð eftir efnislegum málsástæðum varnaraðila, hverra nýrra gagna þarf með, áður en málið verður tekið til aðalflutnings og dómtöku. Varnaraðilar geta sjálfir bætt úr því, sem miður þykir fara í því efni, eða skorað á sóknaraðila að bæta úr því. Samkvæmt 3. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber dómara að fylgjast með máli í öllum atriðum og kosta kapps um, að yfirlýsingar aðila verði nægilega glöggar. Dómari getur lagt fyrir aðila að afla gagna, þar á meðal matsgerða eða álitsgerða, sem honum þykir á skorta, svo

að dómur verði réttilega á mál lagður. Verði aðilar ekki við áskorunum hans, getur það eftir atvikum leitt til frávísunar málsins á síðari stigum þess. Ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og ber héraðs-dómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. febrúar 1993.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar um fram komna frávísunarkröfu stefnda Sigurjóns Sigurðssonar 17. febrúar sl., hefur Rúnar Þröstur Árnason matreiðslumeistari, Garðavík 5, Borgarnesi, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 25. og 26. maí 1992, á hendur Sigurjóni Sigurðssyni bæklunarlækni, Þinghólsbraut 6, Kópavogi, Jóni Lárusi Sigurðssyni röntgenlækni, Fjólugötu 3, Reykjavík, og fjármálaráðherra f. h. ríkisins vegna Landspítala.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaða- og miskabóta, að fjárhæð 17.908,700 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaðar].

Dómkröfur stefndu Jóns Lárusar Sigurðssonar og fjármálaráðherra f. h. ríkisins eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að stefnukröfurnar verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki látinn niður falla.

Dómkröfur stefnda Sigurjóns Sigurðssonar eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti úr hendi stefnanda.

— — —

III.

Niðurstaða.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því í stefnu, að örorku sína megi að öllu leyti rekja til ætlaðra mistaka hinna stefndu lækna. Var bókað eftir talsmanni stefnanda við munnlegan málflutning um frávísunarkröfu stefnda Sigurjóns, að krafa sín um varanlega örorku væri gerð samkvæmt örorku-

stigi í örorkumati, og væri ekkert millistig til í kröfugerð sinni um þann þátt.

Í greinargerð stefnanda kemur hins vegar fram, að hann telji einungis hluta hinnar tímabundnu örorku vera á ábyrgð stefndu, án þess að gerð sé nánari grein fyrir því í málskjöllum. Er á greinargerð stefnanda að skilja, að hann telji það vera hlutverk sérfróðra meðdómsmanna að meta, hvert sé eðlilegt hlutfall tímabundinnar örorku, sem stafi af ætluðum mistökum stefndu annars vegar og sjúkdómi stefnanda hins vegar.

Það liggur fyrir, að stefnandi hafði kennt meins í fætinum um árábil, áður en það var greint sem krabbamein. Er því ekki unnt að útiloka, að stefnandi hafi hlotið einhverja örorku af sjálfum sjúkdómnum, óháð ætluðum mistökum í sjúkdómsgreiningu. Í málatilbúnaði stefnanda er málið hins vegar hvergi reifað með hliðsjón af því, hvort hin varanlega örorka stafi öll af hinum ætlaða drætti, sem varð á sjúkdómsgreiningunni, eða hvort fyrir hafi verið örorka vegna meinsemdarinnar sjálfrar. Um hina tímabundnu örorku þykir kröfugerð stefnanda á sama hátt ekki nægilega skýr, og er ekki fallist á það, að meðdómsmenn eigi að framkvæma sjálfstætt mat á þeim þætti, án þess að eðlileg gagnaöflun fari fram af hálfu stefnanda þar að lútandi.

Skortir hér mjög á skýrleik í málatilbúnaði, sbr. d-lið 88. gr. 1. nr. 85/1936, sbr. e-lið 80. gr. 1. nr. 91/1991, og 1. mgr. 105. gr. 1. nr. 85/1936, sem í gildi var, þegar málið var höfðað. Ber því að vísa máli þessu frá dómi að kröfu stefnda.

Samkvæmt 2. mgr. 130. gr. 1. nr. 91/1991 ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda Sigurjóni Sigurðssyni málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 50.000 kr. Virðisaukaskattur er ekki innifalinn í málskostnaðarfjárhæð, en stefndi Sigurjón hefur ekki gert grein fyrir virðisaukaskattsskyldu sinni.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Málinu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Rúnar Þröstur Árnason, Garðavík 5, Borgarnesi, greiði stefnda Sigurjóni Sigurðssyni, Þinghólsbraut 6, Kópavogi, 50.000 kr. í málskostnað.